



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM GAGNASKIL FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM GAGNASKIL FJÁRMÁLA-  
FYRIRTÆKJA

2021 nr. 5

## Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 12. maí nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), [www.fme.is](http://www.fme.is).

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@sedlabanki.is](mailto:fme@sedlabanki.is).

# REGLUR

## um gagnaskil fjármálafyrirtækja.

### 1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna út eiginfjárgrunn, eiginfjárkröfur, stórar áhættuskuldbindingar, lausafjárhlutfall og vogunarhlutfall í samræmi við reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

### 2. gr. *Tíðni og form gagnaskila fjármálafyrirtækja.*

Fjármálafyrirtæki, sem skylt er að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 og reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017, skal skila gögnum á því formi sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014, með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. Gögnum skal skila með þeirri tíðni sem tilgreind er í reglugerðinni.

### 3. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014, um tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja til eftirlitsstofnana, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/79 frá 18. desember 2014, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar kvaðabundnar eignir, einkvæmt gagnapunktalíkan og gagnareglur, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/227 frá 9. janúar 2015, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1278 frá 9. júlí 2015, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar leiðbeiningar, form og skilgreiningar, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/313 frá 1. mars 2016, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi gagnaskil til viðbótar við hefðbundin gagnaskil að því er varðar laust fé sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/322 frá 10. febrúar 2016, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar lausafjárhlutfall, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/428 frá 23. mars 2016, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar upplýsingar um vogunarhlutfall, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.

8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1702 frá 18. ágúst 2016, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar leiðbeiningar og form, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1443 frá 29. júní 2017, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
10. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2114 frá 9. nóvember 2017, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar leiðbeiningar og form, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1627 frá 9. október 2018, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar varfærnismat, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
12. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/429 frá 14. febrúar 2020, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/79, 2015/227, 2015/1278, 2016/313, 2016/322, 2016/428, 2016/1702, 2017/1443, 2017/2114, 2018/1627 og 2020/429 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. *Official Journal of the European Union*):

1. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32014R0680>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 191, þann 28. júní 2014, bls. 1-1861;
2. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32015R0079>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 014, þann 21. janúar 2015, bls. 1-44;
3. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32015R0227>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 048, þann 20. febrúar 2015, bls. 1-630;
4. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32015R1278>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 205, þann 31. júlí 2015, bls. 1-300;
5. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1594032873867&uri=CELEX:32016R0313>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 60, þann 5. mars 2016, bls. 5-58;
6. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1594032873867&uri=CELEX:32016R0322>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 64, þann 10. mars 2016, bls. 1-142;
7. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32016R0428>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 083, þann 31. mars 2016, bls. 1-55;
8. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1507300574057&uri=CELEX:32016R1702>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 263, þann 29. september 2016, bls. 1-513;
9. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1594032873867&uri=CELEX:32017R1443>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 213, þann 17. ágúst 2017, bls. 1-527;
10. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1594032873867&uri=CELEX:32017R2114>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 321, þann 6. desember 2017, bls. 1-427;
11. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1594032873867&uri=CELEX:32018R1627>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 281, þann 9. nóvember 2018, bls. 1-525; og

12. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1594032873867&uri=CELEX:32020R0429>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 96, þann 30. mars 2020, bls. 1-1092.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í a-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 505/2017 og 964/2017.